

slysatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni 2. janúar 1926, og reglugerð um breyting á henni útgefin 31. desember 1928. 121
28. des.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um

einkasölu á tóbaki.

122
29. des.

1. gr.

Frá 1. janúar 1932 má enginn nema Tóbakseinkasala ríkisins flytja hing- að frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem komi í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að álitu tollstjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, verður það, sem umfram er, gert upptækt. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hér í land.

2. gr.

Tóbak það, sem Tóbakseinkasala ríkisins flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Tóbaksbirgðir þær, sem fyrirbyggjandi eru hjá heildsölum 31. desember 1931, kaupir Tóbakseinkasala ríkisins, ef samningar takast um verð, en að öðrum kosti verður á þær lagt gjald, er rennur í ríkissjóð, er nemur allt að 15% af útsöluverði þeirra.

Smásölum er heimilt að selja tóbaksbirgðir sínar fyrirbyggjandi 31. desember 1931, en verði sölu þeirra ekki lokið 1. júlí 1932, verða ný ákvæði sett um, hvernig fara skuli með birgðir þær, sem þá kunna að verða óseldar.

4. gr.

Verzlunin skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak eftir því, sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárböðunar selst án hagnaðar. Söluverð sé miðað við greiðslu við móttöku.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tó-

122 29. des. bakið er fyrst flutt í land á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. Tóbakseinkasölunni skal heimilt að greiða reikninga tollstjóra utan Reykjavíkur, beint í rikissjóð.

6. gr.

Reikningsár Tóbakseinkasölnnar er almanaksárið. Fyrir 1. marz ár hvert, skal forstöðumaður Tóbakseinkasölnnar hafa lokið við reikninginn fyrir undanfarið starfsár, og afhenda rikissjórninni reikninginn. Af ágóða hvers árs skal leggja 15%—25%, eftir ákvörðun fjármálaráðherra, í veltufjár- og varasjóð tóbakseinkasölnnar. Ágóðinn af rekstri tóbakseinkasölnnar skal að frádregnu veltufjár- og varasjóðstillaginu greiðast í rikissjóð.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirbyggjandi af tóbaki. Kostnað af sendingu þess innanlands greiði viðskiptamenn. Pantað tóbak getur verzlunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðarins.

8. gr.

Á umbúðir allra tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, aðrar en á tóbak til sauðfjárlækninga, skal letra: „Tóbakseinkasala ríkisins“.

9. gr.

Hámarksálagning á tóbaki í smásölu má eigi vera hærri, miðað við verð einkasölnnar, að viðbættum flutningskostnaði til útsölustaðarins en:

12% á munntóbaki og neftóbaki.

20% á vindlum, smávindlum og reyktóbaki.

20% á vindlingum.

Fyrir flutningskostnaði til útsölustaðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 3%.

10. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í rikissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem gildir frá 1. janúar 1932, er sett samkvæmt lögum nr. 58, 8. september 1931 um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Gísli Ísleifsson.